

67. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 2.11. 2021, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig var mættur undir lið 1. Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi sveitarfélagsins og undir lið 2. voru mætt Eyjólfur Ingvason og Þórdís Sveinsdóttir.

Áður en fundur hófst var samþykkt að taka eftirfarandi 3 fundargerðir á dagskrá; 902. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29.10.2021, Fundur Almannaþingarnefndar Austurlands 1.11.2021 og Fundur 164. HAUST 14.10.2021.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2022-2025, fyrri umræða. Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi
2. Kl. 15:30 Lóðarleigusamningur við Mela. Gestir eru Melabændur, Eyjólfur og Þórdís.
3. Fráveitumál í Végarði
4. Fundargerðir:
 - a. Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs 13.10.2021
 - b. Fundargerð Austurbrúar 25.6.2021
 - c. Fundargerð Samfélagsnefndar 20.10.2021
 - d. Fundargerð Árssala 20.10.2021
 - e. Fundargerð Samtaka orkusveitarfélaga 8.10.21
 - f. Fundargerð stjórnar Minjasafns Austurlands 28.9.2021 og fjárhagsáætlun 2022.
 - g. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29.10.2021
 - h. Fundur Almannaþingarnefndar Austurlands 1.11.2021
 - i. Fundur 164. HAUST 14.10.2021
5. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2020
6. Fjárbeiðnir
7. Skýrsla sveitarstjóra
8. Önnur mál:
 1. Fjárhagsáætlun 2022-2025, fyrri umræða.

Sigurður fór yfir og útskýrði forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2023-2025. Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun: Sveitarstjórn samþykkir til síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, ásamt þriggja ára áætlun 2023 – 2025.

Jafnframt var samþykkt að sveitarstjórnarmenn skili inn ábendingum til sveitarstjóra er varða breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir lok dags 20.11.2020.

Haldin verður kynningarfundur fyrir íbúa á fjárhagsáætlun fyrir 2022 og 3 ára áætlun (2023-2025) á milli fyrstu og annara umræðu í sveitarstjórn, sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn.

Sigurður Álfgeir yfirgaf fundinn.

2. Lóðarleigusamningur við Mela.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning og oddvita falið að skrifa undir hann. Eyjólfur Ingvason, Þórdís Sveinsdóttir og Helga Eyjólfsdóttir mættu á fundinn og eftir undirritun samningsins voru kaffiveitingar.

3. Fráveitumál í Végarði.

Sveitarstjóra falið að skoða möguleika á að byggja salernisaðstöðu fyrir tjaldgesti við núverandi þjónustuhús til að leysa vandamál vegna fráveitumála í Végarði.

4. Fundargerðir:

- a. Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs 13.10.2021
Kynnt
- b. Fundargerð Austurbrúar 25.6.2021
Kynnt
- c. Fundargerð Samfélagsnefndar 20.10.2021
Kynnt
- d. Fundargerð Árssala 20.10.2021
Kynnt
- e. Fundargerð Samtaka orkusveitarfélaga 8.10.21
Kynnt
- f. Fundargerð stjórnar Minjasafns Austurlands 28.9.2021 og fjárhagsáætlun 2022
Fundargerð kynnt og fjárhagsáætluninni er vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2022
- g. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29.10.2021.
Kynnt
- h. Fundur Almannaþingarnefndar Austurlands 1.11.2021.
Kynnt
- i. Fundur 164. HAUST 14.10.2021.
Kynnt

5. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2020
Kynnt

6. Fjárbeiðnir

-Óbyggðasetur/Laugafell óska eftir niðurfellingu helming af leigugjaldi vegna Laugarfellsskála.

Sveitarstjórn samþykkir niðurfellinguna

-Hengifoss gistihús óska eftir niðurfellingu helming af leigugjaldi vegna gistihússins.

Sveitarstjórn samþykkir niðurfellinguna

-Skáksamband Austurlands stefnir á þátttöku í Íslandsmóti skákfélaga sem fram fór í Reykjavík í haust. Vegna þessa óskar sambandið eftir fjárframlagi.

Samþykkt að styrkja Skáksambandið um 10.000 kr..

-Leikfélag Fljótsdalshéraðs leitar eftir styrkjum vegna uppsetningu á leikritinu Tom, Dick og Harry.

Samþykkt að styrkja leikfélagið um 30.000 kr..

-Erindi barst frá Skógarafurðum vegna fyrirhugaðra fjárfestinga. Afgreiðslu á erindinu frestað.

7. Skýrsla sveitarstjóra

-Dagana 6-8 okt. sl. sátu oddviti og sveitarstjóri fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, ársfund Jöfnunarsjóðs og fund liðlega 20 sveitarfélaga sem hafa íbúafjölda um eða innan við 1000 íbúa.

-Greint var frá fundi oddvita og sveitarstjóra með þeim Gunnari Jónssyni, Gunnari Gunnarssyni og Ann-Marie Schultz um Hjarðarból.

-Áætlað er að göngubrýrnar tvær yfir Hengifossá verði reistar núna í nóvember. Búið er að semja við Límtré og Skógarafurðir um efni í þær. Þá hefur verið samið við Svein Ingimarsson um að gera undirstöður og ganga frá burðarvirki. Ívar Hafliðason tekur að sér að byggja þær.

-Tvær umsóknir hafa verið sendar til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. 1) Hefja stígagerð norðan Hengifossárgils sb. deiliskipulag og 2) um hönnun og undirbúningsvinnu að hjóla- og göngustíg frá Hengifossár að Valþjófsstað.

-Efla verkfræðistofa hefur verið beðin um að útbúa útboðsgögn og bjóða út þjónustuhúss við Hengifoss.

8. Önnur mál:

-Bréf barst frá EBÍ um ágóðagreiðslu úr sameignasjóði fyrir árið 2021. Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði er 0.041 % og greiðsla til sveitarfélagsins verður 36.900 kr..

-Samþykkt að senda inn athugasemdir við drög að reglugerð frá Landgræðslunni um sjálfbæra landnýtingu.

-Gunnþórunn benti á að ekki er nægilegt að boða til viðburða í sveitinni, eingöngu á samfélagsmiðlum.

Eiríkur benti á að nauðsynlegt sé að merkja skipulagðar reiðleiðir í sveitarfélaginu.

Sveitarstjóri fór yfir framkvæmdir á reiðveg svo verið er að vinna í.

-Oddviti leysir sveitarstjóra af í næstu viku.

Fundi slitið klukkan 18:55

Lárus ritaði fundargerð í tölvu